

Maí 2025



Fréttabréf Skýjaborgar

Janúar - apríl 2025

Hér fyrir neðan fáir þið innsýn inn í starfið okkar síðustu mánuði í Skýjaborg.

Janúar 2025 – Fjölskylda

Í janúar var farið aðeins í hringrásar- og línulegt hagkerfi með því að vekja athygli á hugtakinu matarsóun. Börnin veltu fyrir sér matarsóun, hvað verður um matinn sem fer í úrgangsdallinn og hvað þau geti gert til að koma í veg fyrir matarsóun. Þyngd afganga var skráð í tvær vikur og niðurstöður settar upp myndrænar í súluriti.

Við höldum dótadag í janúar að ósk barnanna sem höfðu kallað eftir einum slíkum. Dagurinn gekk mjög vel og voru börnin dugleg að leika og leyfa vinum sínum að prófa dótið sitt.

Gjöf frá Kvenfélaginu Lilju



Kvenfélagið Lilja gaf leikskólanum Skýjaborg veglega gjöf, tvö hjól og fjóra sparkbíla ásamt tveimur stöngum sem hægt er að setja á

sparkbílana svo þau allra yngstu geta notið líka. Seinnipartinn í janúar fengu börnin gjöfina afhenta í söngstund og var mikil gleði með þessa fallegu gjöf. Í þakklætisskyni buðum við kvenfélagskonum í kaffi í leikskólann. Börn og starfsfólk í Skýjaborg sendir kvenfélaginu sínar bestu þakkir fyrir þessa fallegu og veglegu gjöf sem mun nýtast vel.

Bóndadagur og konudagur

Í tilefni bóndadags buðum við í bóndadagskaffi í janúar og í tilefni konudagsins buðum við í konukaffi í febrúar. Öll voru velkomin í kaffin óháð kyni, þó þau tengdust þessum hefðbundu íslensku konu- og bóndadegi. Ánægjulegt var að sjá hversu mörg gátu komið í heimsókn til okkar. Mikil spennan var í börnunum dagana á undan sem sýnir hversu mikilvægt það er fyrir börnin að fá



Maí 2025

aðstandendur sína í heimsókn í leikskólann. Við þökkum öllum kærlega fyrir komuna.

Febrúar 2025 – Tölur / ávextir og grænmeti

Í febrúar héldum við upp Dag leikskólans og fórum í skruðgöngu um hverfið með hljóðfæri og vorum með vöfflukaffi í nónhressingu. Við þurftum reyndar að færa dagskrána á annan dag þar sem dagurinn tók á móti okkur með rauðri veðurviðvörðun.

Unnið var áhugavert grænfánaverkefni um uppruna ávaxta og ávaxtasnakk. Í upphafi var börnunum sýnt kort af heiminum, farið yfir nöfn heimsálfa og staðsetning Íslands skoðuð. Farið var yfir tvo ávexti á dag, einn sem þau þekktu vel og annan meira framandi, þeir smakkaðir og skoðað frá hvaða löndum og heimsálfum þessi ávextir koma og hvar mesta uppskera þeirra er. Börnin sáu að flestir þessara ávaxta koma frá suðrænum svæðum nálægt hitabeltinu, því norðar er ekki nógu hátt hitastig og sólarljós sem ávextir þurfa til að þroskast.



Við héldum þorablót fyrir börn og starfsfólk í febrúar. Börnin föndruðu sér kórónur, sem voru settar upp í tilefni dagsins, og smakkaðar voru hinar ýmsu þorablótskræsingar.

Skólasamstarf



Í febrúar og mars fór elsti árgangurinn, rósahópur, í skólasamstarf í sex heimsóknir í Heiðarskóla. Fyrir áramót fóru þau í íþróttatíma, en að þessu sinni fengu þau sundtíma í öllum sex skólaheimsóknunum. Þau enduðu svo skólasamstarfið í apríl á sameiginlegri vettvangsferð rósahóps og 1. bekkjar í

Álfholtsskóg þar sem aðalatriðið var að njóta og leika með vinum okkar og því var frjálss leikur í skóginum í forgrunni. Í maí fer hópurinn í þriggja daga vorskóla í Heiðarskóla sem er mikill spennigur fyrir.

Mars 2025 – Vinátta / umhverfi mitt



Í mars héldum við upp á þessa hefðbundnu íslensku daga; bolludag, sprengidag og öskudag eins og hefð er hjá okkur. Við fengum fiskibollur og rjórabollur á bolludaginn, saltkjöt og baunasúpu á sprengidaginn og á öskudaginn mættu allir í búningeða náttfötum. Haldið var skemmtilegt ball, kötturinn var sleginn úr tunnunni (en þar var Lubbi að fela sig), börnin fengu snakk, horft var á bíómynd og farið yfir í Stjórnsýsluhús og sungið. Við héldum

einnig upp á Dag stærðfræðinnar með því að setja upp ýmsar stærðfræðileikstöðvar. Við héldum tannverndarviku í mars þar sem mikið var rætt um hvað er hollt og óhollt fyrir tennurnar og í lok vikunnar fengu börnin að horfa á Karíus og Baktus.

Dans

Í mars og apríl fengum við danskennara til okkar í fimm danstíma fyrir börnin. Í fimmta tímanum var foreldrum boðið að horfa á eldri börnin. Flest börnin höfðu mjög gaman af tímunum og tóku vel þátt.



Deildarstjórar buðu foreldrum upp á viðtöl í mars.

Mátti heyra mikla ánægju frá foreldrum á starfinu og er ánægjulegt hvað foreldrar og börn eru glöð hér í Skýjaborg.

Apríl 2025 – Vor / páskar



Mikla gleði mátti sjá á börnunum þegar loftið kom í ærslabelginn á Vinavelli í byrjun apríl. Þá var drifið sig í göngutúr í leik á Vinavelli. Það hefur verið frekar veðurmilt hjá okkur í vor og hafa börnin til að mynda nokkrum sinnum fengið nónhressinguna utandyrar sem og haldið söngstund úti. Í kringum páskana var fönðrað

páskaföndur og farið í skemmtilegan leik í útiveru þar sem börnin leituðu að litlum páskaeggjum í garðinum.

Könnunarverkefni

Maí 2025

Í apríl hófu börnin á Regnboganum könnunarverkefni í hópátímum. Í könnunarverkefni fara börnin í gegnum rannsóknarferli þar sem hópurinn velur sér saman (með lýðræðislegri kosningu) hvað þau langar að rannsaka, fara yfir hvað þau vita um viðfangsefnið, hvað þau langar að vita meira um og með aðstoð kennara fer rannsókn fram. Hóparnir eru að rannsaka höfrunga, fiðrildi, regnboga og epli og má sjá afraksturinn á vorsýningu leikskólans í Stjórnsýsluhúsinu sem sett verður upp í maí/júní (nánar auglýst síðar).

Dagur umhverfisins

Haldið var upp á Dag umhverfisins og fóru börnin í göngutúra og tíndu rusl í nærumhverfi leikskólans. Ánægjulegt var að sjá að hverfið okkar var nokkuð hreint en okkur þótti þó miður hve mikið var af nikótínþúðum á víðavangi. Ef þessir þúðar rata í litla munna geta þeir reynst þeim stórhættulegir og haft alvarleg áhrif á heilsu barnanna. Við viljum því biðja alla að vera vakandi yfir þessu og henda þeim í ruslið.



Skipulagsdagar og fundur

Tveir skipulagsdagar hafa verið á tímabilinu. Í febrúar hélt starfsfólkið starfsmannafund og deildarfundi. Það var meðal annars farið í innra mat, samþykkt skóladagatal fyrir næsta skólaár, utanaðkomandi fyrirlestur um útinám og frjálsan leik og fyrirlestur um lífeyrissjóðsmál. Í apríl fór starfsfólk á flakk, skoðaði tvo leikskóla og fékk hópeflisnámskeið og sögugöngu í Húsafelli. Í mars hélt Leik- og grunnskóli Hvalfjarðarsveitar fagfund meðal starfsfólks. Á fundinum kynntu deildirnar og stigin fyrir hvert öðru hvernig *sjálfbærni* birtist í skólastarfinu á deildinni/stiginu þeirra. Þetta var upplýsandi og fræðandi fundur um flott og gott skólastarf. Sjálfbærni er einn af grunnþáttum menntunar sem á að.

Barna- og starfsmannahópurinn



Frá síðasta fréttabréfi, sem kom út í janúar, hafa tvö börn hafið leikskóladvöl í Skýjaborg. Eitt í febrúar og eitt nú í byrjun maí. Við bjóðum þau og fjölskyldur þeirra velkomin. Við klárum skólaárið með 35 börn í leikskólanum, 22 á Regnboganum og 13 á Dropanum. Viktoria Pelekh kom inn í afleysingar sem matráður frá febrúar. Bjóðum við hana velkomna til starfa.